

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 1.8.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Jón Valgeirsson (JV)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Útistandandi mál síðasta fundar. GD lagði fram tillögu að bréfi til sumarhúsaeigenda í Kjóabyggð. Bréfið samþykkt með smávægilegum breytingum og viðbótum. Eftir er að færa núverandi streng frá tengiboxi yfir í tengiskáp í miðju kerfisins. GD ýtir á TRS með málið. Önnur mál afgreidd.
- Verið er að tengja og ganga frá heimtaugum í Miðfellshverfinu, blástur langt kominn í áfanga 1a. Hólakot – Skarð verður bætt við í áfanga 1a. Búið er að plægja þangað og blástur stendur yfir. GD sendir tengimyndir vegna þessa. Plægning á áfanga númer 2 er langt komin og klárast á næstu dögum auk þess sem að blástur strengja er hafinn þar. HK nefndi húsakassa við sumarhús og frágang við þau. GD og HK finna heppilega kassa vegna þessa.
- Farið yfir uppgjör vegna áfanga númer 4. GD spurði um landfræðilegar mælingar. Skýringar komu fram og því hafa öll gögn vegna áfanga 4 borist verkkaupa og hann tækur til uppgjörs.
- Áfangi 1B er næstur á dagskrá (Auðsholt – Flúðir). GD fer yfir efnismál og gerir ráðstafanir ef bregðast þarf við.
- Líða fer að því að fyrstu notendur geti tengst við ljósleiðarakerfið. Ákveðið var að bjóða þjónustuveitum að kynna vöruframboð sitt á íbúafundi miðvikudaginn 15. ágúst á milli klukkan 16 og 20 á Flúðum. GD falið að upplýsa fjarskiptafélög um málið og senda þeim staðfesta lista yfir tengistaði í áfanga 4 og 1a.
- Farið var yfir áætlanir og verkefnið er á tímaáætlun miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.
- Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD og HK finna heppilega kassa utan á sumarhús.
- GD senda tengimynd vegna Hólakot – Skarð.
- GD athugar með rör í áfanga 1B.
- GD sendir fjarskiptafélögum upplýsingar um tengistaði í áfanga 1a og 4 og tilkynnir um íbúafund.